

Ár 1994, miðvikudaginn 25. maí var í málinu nr. 4/1994 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Málavextir eru þeir að með bréfi dags. 18.04.94 kærir Ásta Hróbjartsdóttir fasteignamat húseignarinnar nr. 63 við Engjaveg á Selfossi.

Í kærubréfi kemur þetta fram:


"Ég undirrituð óska eftir að kæra til Yfirfasteignamatsnefndar, úrskurð nr. S-1994-526 pr. 15.02 '94, vegna húseignar minnar að Engjavegi 63, Selfossi. Ástæða kærunnar, er að matið er ennþá of hátt að mínu mati."

Í fasteignamatsskrá þeirri er út var gefin með gildistöku 1. desember 1993 kemur fram að hin kærða eign er metin sem þrjú matshlutar, þ.e. íbúðarhús, lóð og bílgeymsla. Fasteignamat eignarinnar var kært til Fasteignamats ríkisins á Selfossi með bréfi dags. 15.02.94. Úrskurður FMR dags. 05.04.94 var á þá leið, að mat íbúðarhúss var lækkað úr kr. 5.349.000,- í kr. 5.224.000,-, en fasteignamat lóðar og bílgeymslu óbreytt. Miðvikudaginn 11. maí s.l. fór Yfirfasteignamatsnefnd á vettvang og skoðaði aðstæður í fylgd eiganda. Ekki þykja efni standa til breytinga fasteignamats á íbúðarhúsi og lóð. Bílgeymsla er í rétt foheldu ástandi en án steyprar gólfplötu, því þykir rétt að lækka fasteignamat úr kr. 581.000,- í kr. 400.000,- miðað 1. desember 1993.

ÚRSKURÐARORÐ:

Fasteignamat íbúðarhúss og lóðar standi óbreytt miðað við úrskurð Fasteignamats ríkisins á Selfossi dags. 05.04. 1994.

Fasteignamat bílgeymslu ákveðst kr. 400.000,- miðað við fasteignaskrá er tók gildi 1. desember 1993.


Guðný Björnsdóttir


Pétur Stefánsson


Guðmundur Magnússon